



## Námskrá 8.-10. bekkur 2018-2019

### Íslenska

Hæfniviðmiðum í íslensku er skipt í fjóra meginflokka:

1. Talað mál, hlustun og áhorf, 2. Lestur og bókmenntir, 3. Ritun og stafsetning og 4. Málfræði.

**Talað mál hlustun og áhorf** - markmiðin eru að nemandi taki virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, nýti sér fjölmiðla og rafrænt efni, taki afstöðu og rökstyðji mál sitt.

**Lestur og bókmenntir** - markmiðin eru að nemandi lesi, túlki, meti og fjalli um fjölbreyttar bókmenntir, leggi mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, s.s. fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, geti lesið á gagnrýninn hátt og myndað sér skoðun, fjalli um skáldsögur og notað til þess hugtökin tími, umhverfi, sjónarhorn, boðskapur, ris, persónusköpun og aðal- og aukapersónur, þekki og geti fjallað um mismunandi gerðir myndmáls.

**Ritun og stafsetning** – markmiðin eru að nemandi öðlist góða tilfinningu fyrir setningaskipan og skiptingu texta í málsgreinar og efnisgreinar, geti skrifað sögur og ljóð og notað myndmál, málshætti og orðtök þar sem við á, sé vel meðvitaður um mun á töluðu máli og rituðu, tjái hugmyndir sínar og skoðanir og færi rök fyrir þeim í rituðu máli.

**Málfræði** - markmiðin eru að nemandi geti beitt helstu málfræðihugtökum, geri sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði, átti sig á og beiti sköpunarmætti tungumálsins og nýti það við ritun og nýyrðasmíð.

### Vinnulag

6x40 mínútna kennslustundir á viku. Kennt er í lotum sem skiptast í málfræði og bókmenntir en stafsetning, ritun og framsögn fléttast inn í loturnar allt skólaárið. Í íslensku er bæði bein kennsla, t.d. við innlagnir á málfræði- og bókmenntahugtökum, og sjálfstæð verkefnavinna nemenda. Þá er um að ræða einstaklings- og hópverkefni, ritunarverkefni, fyrirlestra, stuttmyndagerð, samþættingu námsgreina o.fl.

### Námsmat

Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir allt námsárið. Námsmat skiptist í **leiðsagnarmat**, þar sem nemendur fá endurgjöf og leiðsögn við verkefnavinnu, kannanir, framsögn o.fl., og **lokamat** þar sem hæfni nemenda er metin eftir kennslulotu.

Nemendur frá lokamat í bókstöfunum A, B+, B, C+, C, D með hliðsjón af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Í lok 10. bekkjar fá nemendur lokamat með hliðsjón af matsviðmiðum Aðalnámskrár. Námsmat er sýnilegt á hæfnikorti nemenda á Mentor.



## Námskrá 8.-10. bekkur 2018-2019

### Hæfni sem liggur að baki hverri einkunn

- A framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
- B+ hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A.
- B góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
- C+ hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B.
- C sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
- D hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.

**Lesfimiþróf** eru lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu í öllum árgöngum. Lesfimi er mæld í rétt lesnum orðum á mínútu. Lesfimiviðmið Menntamálastofnunar eru nýtt til viðmiðunar fyrir hvern árgang, en þau eru að í lok skólaárs hafi:

90% nemenda í 8. bekk náð 130 orðum á mínútu  
50% nemenda í 8. bekk náð 180 orðum á mínútu  
25% nemenda í 8. bekk náð 210 orðum á mínútu

90% nemenda í 9. bekk náð 140 orðum á mínútu  
50% nemenda í 9. bekk náð 180 orðum á mínútu  
25% nemenda í 9. bekk náð 210 orðum á mínútu

90% nemenda í 8. bekk náð 145 orðum á mínútu  
50% nemenda í 8. bekk náð 180 orðum á mínútu  
25% nemenda í 8. bekk náð 210 orðum á mínútu

**Kennarar:** Eygerður Guðbrandsdóttir og Heiðdís N. Hansdóttir

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð :	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur tjáð hugsanir, skoðanir og tilfinningar sínar,</li> <li>• áttar sig á styrkleikum sínum og áhugasviði,</li> <li>• þekkir styrkleika sína og byggir upp góða sjálfsmýnd.</li> </ul>
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> <li>• virðir jafnan rétt einstaklinga,</li> <li>• ræktar hæfileika á eigin forsendum,</li> <li>• getur rýnt í margskonar texta án fordóma,</li> <li>• áttar sig á mismunandi þjóðfélagshópum í samfélaginu sem þurfa að</li> <li>• vinna saman á jafnréttisgrundvelli.</li> </ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur valið sér viðfangsefni út frá áhugasviði og styrkleika,</li> <li>• ber virðingu fyrir manngildi hvers og eins,</li> <li>• tileinkar sér lýðræðisleg vinnubrögð.</li> </ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur lesið sér til gagns og gleði,</li> <li>• getur lesið fjölbreyttan texta og notað til þess mismunandi lestraraðferðir,</li> <li>• vinnur á fjölbreyttan hátt með læsi eins og t.d. menningarlæsi, umhverfislæsi og upplýsingalæsi,</li> <li>• skapar eigin merkingu og bregst á persónulegan og skapandi hátt við því sem hann les,</li> <li>• þekkir til mismunandi umræðuhefða og orðanotkunar.</li> </ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notar íslensku á fjölbreyttan og skapandi hátt,</li> <li>• getur rökrætt um margvísleg álitamál og ágreiningsefni,</li> <li>• beitir gagnrýnni hugsun og getur sett sig í spor annarra,</li> <li>• tekur virkan þátt í skólafarfinu.</li> </ul>
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtir ímyndunaraflað til að leika sér með ýmsa möguleika tungumálsins,</li> <li>• tjáir eigin skoðanir og tilfinningar á fjölbreyttan hátt.</li> </ul>

Íslenska við lok 8. bekkjar:				
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	Vitnisburður Einkunn B til viðmiðunar Lesfímiviðmið MMS
<p><b>Talað mál, hlustun og áhorf</b></p> <p>flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas</p> <p>gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu</p> <p>nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær</p>	<p>úrval texta- og ljóðabóka, upplestur</p> <p>efni af veraldarvefnum, s.s. í tengslum við lífsleikni og bókmenntir</p> <p>kvikmyndir sem tengjast námsefni</p> <p>Textar úr ýmsum áttum dagblöð</p> <p>Íslendingasögur Þjóðsögur Kveikjur</p> <p>kynningar, fræðsla og fyrirlestrar</p>	<p>framsögn er æfð í bókmennta- og ljóðalotum. Einnig við flutning á verkefnum og fyrirlestrum</p> <p>kvikmyndarýni, verkefni og kynningar</p> <p>Íslendingasögur og þjóðsögur les kennari upphátt</p>	<p><b>Leiðsagnarmat</b> framsagnaræfingar og flutningur verkefna eru metin samkvæmt viðeigandi kvarða</p> <p>kvikmyndaumfjöllun – leiðbeiningar um rýni og rökstuðning</p> <p>mat á hlustun og framkomu samkvæmt viðeigandi kvarða</p> <p><b>Lokamat</b> símat á stærri verkefnum</p> <p>framsagnarpróf</p> <p>mat á hlustun og framkomu í stærri verkefnum</p>	<p>B – nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni. Hlustað og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu, og notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram <b>rökstutt</b> mat á viðkomandi efni.</p>

<p>og valið þeim miðil sem hentar</p> <p>hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni</p> <p>átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi</p> <p>nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt</p>				
<p><b>Lestur og bókmenntir</b></p> <p>lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað</p> <p>skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi</p>	<p>Laxdæla Hrafnkels saga Freysgoða Mályrkja 1 Kveikjur Mávahlátur Sérðu það sem ég sé? Gegnum holt og hæðir</p>	<p>heimalestur/hlustun samlestur með kennara glósur umræður hópverkefni og einstaklingsverkefni ritgerð</p>	<p><b>Leiðsagnarmat</b> vinnubækur verkefni flutningur á verkefnum veggspjöld/glærur</p>	<p>B – nemandi getur lesið almenna texta með <b>góðum</b> skilningi og túlkun á efni þeirra, fjallað um íslenska og erlendar bókmenntir og gert sér <b>góða</b> grein fyrir gildi</p>

<p>valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur</p> <p>greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða</p> <p>gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því</p> <p>lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta</p> <p>beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð</p> <p>notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af</p>	<p>úrval ljóða og bragfræði</p> <p>kjörbækur/yndislestur</p>	<p>fyrirlestrar</p> <p>bragfræðiverkefni</p> <p>kvikmyndir</p>	<p><b>Lokamat</b></p> <p>próf</p> <p>ritgerð</p> <p>hópverkefni</p> <p>einstaklingsverkefni</p> <p>fyrirlestrar</p> <p><b>Lesfimipróf</b> lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu</p>	<p>bókmennta í menningu þjóðarinnar</p> <p><b>Lesfimiviðmið MMS í lok skólaárs hafi:</b></p> <p>90% nemenda í 8. bekk náð 130 orðum á mínútu</p> <p>50% nemenda í 8. bekk náð 180 orðum á mínútu</p> <p>25% nemenda í 8. bekk náð 210 orðum á mínútu</p>
---	--	--	--	--

<p>ýmsum toga og frá ýmsum tímum</p> <p>leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess</p> <p>unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt</p> <p>valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa</p> <p>lesið, túlkað og þekkt helstu einkenni Íslendingasagna</p>				
<p><b>Ritun og stafsetning</b></p> <p>skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi,</p>	<p>Kveikjur Málfinnur</p>	<p><b>Ritun</b> útdráttur</p>	<p><b>Leiðsagnarmat</b> endurgjöf á ritunarverkefni</p>	<p>B – nemandi getur beitt <b>nokkuð góðum</b></p>

<p>notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær</p> <p>beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar</p> <p>tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun</p> <p>beitt reglum um réttiritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda</p> <p>valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi</p>	<p>Skrifinnur Hugfinnur Orðhákur stafsetningarreglur og –æfingar kvikmyndir, textar og aðrar kveikjur sambætting námsgreina í meðferð texta og heimilda</p>	<p>stíllritun ljóðagerð bókakynning tímaritun/heimaritun ritgerð</p> <p><b>Stafsetning</b> stafsetningarreglur sóknarskrift ritun eftir upplestri</p>	<p>kannanir í stafsetningu mat á kynningum</p> <p><b>Lokamat</b> framfarir í ritunarmöppu próf í stafsetningu</p>	<p>vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar að mestu leyti. Beitt helstu reglum í stafsetningu og greinamerkjasetningu og fylgt viðmiðum við uppbyggingu texta sæmilega</p>
---	---	---	---	--



<p>notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um</p> <p>skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann</p>				
<p><b>Málfræði</b></p> <p>beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess</p> <p>valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun</p> <p>flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér</p>	<p>Málið í mark – fallorð Málið í mark – sagnorð Málið í mark - vefur Finnur 1 Málfinnur Gullvör 1 Gullvör 2 Kveikjur Textar úr bókmenntum</p>	<p>bein kennsla/töflukennsla verkefnavinna hópavinna gagnvirkar æfingar</p>	<p><b>Leiðsagnarmat</b> 10 mínútna próf kannanir tímaverkefni samvinnuverkefni endurgjöf á verkefni og verkefnabækur</p> <p><b>Lokamat</b> próf gagnapróf verkefni</p>	<p>B – nemandi getur beitt málfræðihugtökum <b>nokkuð vel</b> í umræðu um notkun málsins og þróun þess, þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér <b>góða</b> grein fyrir hlutverki þeirra</p>

<p>málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna</p> <p>áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra</p> <p>notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni</p> <p>gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna</p>				
---	--	--	--	--

Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	Vitnisburður Einkunn B til viðmiðunar Lesfimiviðmið MMS
<p><b>Talað mál, hlustun og áhorf</b></p> <p>flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas</p> <p>gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu</p> <p>nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar</p>	<p>kvikmyndir sem tengjast námsefni</p> <p>Neisti goðafræði</p> <p>kynningar, fræðsla og fyrirlestrar</p> <p>efni af veraldarvefnum, s.s. í tengslum við lífsleikni og bókmenntir</p> <p>úrval texta- og ljóðabóka, upplestur</p>	<p>leikræn tjáning rökræður</p> <p>framsögn er æfð í bókmennta- og ljóðalotum. Einnig við flutning á verkefnum og fyrirlestrum</p> <p>kvikmyndarýni, verkefni og kynningar</p> <p>Íslendingasögur og þjóðsögur les kennari upphátt</p>	<p><b>Leiðsagnarmat</b> framsagnaræfingar og flutningur verkefna eru metin samkvæmt viðeigandi kvarða</p> <p>kvikmyndaumfjöllun – leiðbeiningar um rýni og rökstuðning</p> <p>mat á hlustun og framkomu samkvæmt viðeigandi kvarða</p> <p><b>Lokamat</b> flutningur á stærri verkefnum</p> <p>framsagnarpróf</p> <p>mat á hlustun og framkomu í stærri verkefnum</p>	<p>B – nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni. Hlustað og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu, og notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram <b>rökstutt</b> mat á viðkomandi efni.</p>

<p>hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni</p> <p>átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi</p> <p>nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt</p>				
<p><b>Lestur og bókmenntir</b></p> <p>lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað</p> <p>skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi</p>	<p>Gunnlaugs saga ormstungu Með fjaðrabliki</p> <p>Goðafraeði Neistar Korku saga Grafarþögn Íslendingaþættir</p>	<p>heimalestur/hlustun samlestur með kennara glósur umræður bein kennsla samanburðarverkefni hópverkefni einstaklingsverkefni</p>	<p><b>Leiðsagnarmat</b> Vinnubækur Verkefni flutningur á verkefnum veggspjöld/glærur</p> <p><b>Lokamat</b></p>	<p>B – nemandi getur lesið almenna texta með <b>góðum</b> skilningi og túlkun á efni þeirra, fjallað um íslenska og erlendar bókmenntir og gert sér <b>góða</b> grein</p>

<p>lesið, túlkað og þekkt helstu einkenni Íslendingasagna</p> <p>greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða</p> <p>gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því</p> <p>lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta</p> <p>beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð</p> <p>notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af</p>	<p>bragfræði úrval ljóða frá ýmsum tímum</p> <p>smásögur Ástu Sigurðardóttur Stúlkunnar á Kleppjárnsreykjum</p> <p>yndislestur/kjörbækur</p>	<p>ritgerð fyrirlestrar bragfræðiverkefni kvikmyndir</p>	<p>próf ritgerð hópverkefni einstaklingsverkefni fyrirlestrar</p> <p><b>Lesfimipróf</b> lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu</p>	<p>fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar</p> <p><b>Lesfimiviðmið MMS í lok skólaárs hafi:</b></p> <p>90% nemenda í 9. bekk náð 140 orðum á mínútu</p> <p>50% nemenda í 9. bekk náð 180 orðum á mínútu</p> <p>25% nemenda í 9. bekk náð 210 orðum á mínútu</p>
--	--	--	--	--

<p>ýmsum toga og frá ýmsum tímum</p> <p>leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess</p> <p>unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt</p> <p>valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa</p>				
<p><b>Ritun og stafsetning</b></p> <p>skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær</p>	<p>Neistar Málfinnur Skrifinnur Hugfinnur Orðhákur</p>	<p><b>Ritun</b> útdráttur stílrítun rökfærslurítun ljóðagerð bókakynning</p>	<p><b>Leiðsagnarmat</b> endurgjöf á ritunarverkefni kannanir í stafsetningu mat á kynningum</p> <p><b>Lokamat</b></p>	<p>B – Nemandi getur beitt <b>nokkuð góðum</b> vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað</p>

<p>beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar</p> <p>tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun</p> <p>beitt reglum um réttiritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda</p> <p>valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi</p> <p>notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og</p>	<p>stafsetningarreglur og – æfingar</p> <p>gömul samræmd próf kvikmyndir, textar og aðrar kveikjur</p> <p>Samþætting námsgreina í texta og heimildavinnu</p>	<p>tímaritun/heimaritun bókmenntaritgerð</p> <p><b>Stafsetning</b></p> <p>Stafsetningarreglur sóknarskrift ritun eftir upplestri</p>	<p>framfarir í ritunarmöppu próf í stafsetningu mat á bókmenntaritgerð</p>	<p>málsgreinar og efnisgreinar að mestu leyti. Beitt helstu reglum í stafsetningu og greinamerkjasetningu og fylgt viðmiðum við uppbyggingu texta sæmilega</p>
---	--	--	--	--

<p>sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um</p> <p>skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann</p>				
<p><b>Málfræði</b></p> <p>beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess</p> <p>valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun</p> <p>flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna</p> <p>áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum</p>	<p>Málið mark – smáorð Gullvör 2 Gullvör 3 Finnur II Neistar Kennslubók í málvísi og ljóðlist Málfinnur</p>	<p>bein kennsla/töflukennsla verkefnavinna hópavinna gagnvirkar æfingar</p>	<p><b>Leiðsagnarmat</b> 10 mínútna próf kannanir tímaverkefni samvinnuverkefni endurgjöf á verkefni og verkefnabækur</p> <p><b>Lokamat</b> próf gagnapróf verkefni</p>	<p>B – nemandi getur beitt málfræðihugtökum <b>nokkuð vel</b> í umræðu um notkun málsins og þróun þess, þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér <b>góða</b> grein fyrir hlutverki þeirra</p>



<p>einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra</p> <p>notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni</p> <p>gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna</p> <p>áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt, áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við</p>				
---	--	--	--	--

<p>nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap</p> <p>gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum</p>				
---	--	--	--	--

Íslenska við lok 10. bekkjar:				
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	Vitnisburður Einkunn B til viðmiðunar Lesfímiviðmið MMS
<p><b>Talað mál, hlustun og áhorf</b></p> <p>flutt mál sitt skýrt og áheyrliga og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas</p> <p>gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi</p>	<p>kvikmyndir sem tengjast námsefni, s.s. Englar alheimsins, Mýrin og Útlaginn</p> <p>Logar</p> <p>kynningar, fræðsla og fyrirlestrar</p> <p>efni af veraldarvefnum, s.s. í tengslum við lífsleikni</p>	<p>kvikmyndarýni, verkefni og kynningar</p> <p>fyrirlestrar leikræn tjáning</p> <p>rökræður ræðuhöld</p>	<p><b>Leiðsagnarmat</b> hver flutningur er metinn samkvæmt viðeigandi kvarða</p> <p>kvikmyndaumfjöllun</p> <p>mat á rökræðum/ræðuhöldum samkvæmt viðeigandi kvarða</p>	<p>B – nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrliga með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni. Hlustað og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu, og</p>

<p>og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu</p> <p>nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar</p> <p>hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni</p> <p>átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi</p> <p>nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt</p>	<p>úrval texta- og ljóðabóka, upplestur/leiklestur</p>	<p>framsögn er æfð í bókmennta- og ljóðalotum. Einnig við flutning á verkefnum.</p>	<p>mat á hlustun og framkomu samkvæmt viðeigandi kvarða</p> <p><b>Lokamat</b> flutningur á stærri verkefnum</p> <p>framsagnarpróf</p> <p>mat á hlustun og framkomu í stærri verkefnum</p>	<p>notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram rökstutt mat á viðkomandi efni.</p>
--	--	---	---	---

efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt				
<p><b>Lestur og bókmenntir</b></p> <p>lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað</p> <p>skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftl eigið læsi</p> <p>valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur</p> <p>greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða</p> <p>gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því</p> <p>lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta</p>	<p>Englar alheimsins Gísla saga súrssonar Íslenska eitt Mýrin Ör Náðarstund Ljóð í tíunda, Mér er í mun. Ljóð og smásögur Kennslubók í málvísi og ljóðlist - bragfræðihluti</p>	<p>heimalestur/hlustun samlestur með kennara glósur umræður bein kennsla hópverkefni og einstaklingsverkefni ritgerð fyrirlestrar bragfræðiverkefni rannsóknarverkefni kvikmyndir lestrardagbækur/hugleiðingar</p>	<p><b>Leiðsagnarmat</b> vinnubækur verkefni umræður í tímum veggspjöld/glærur</p> <p><b>Lokamat</b> próf ritgerð hópverkefni einstaklingsverkefni fyrirlestrar mat á lestrardagbókum</p> <p><b>Lesfimiþróf</b> lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu</p>	<p>B – nemandi getur lesið almenna texta, með <b>góðum</b> skilningi og túlkun á efni þeirra, fjallð um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér <b>góða</b> grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar</p> <p><b>Lesfimiviðmið MMS í lok skólaárs hafi:</b></p> <p>90% nemenda í 10. bekk náð 145 orðum á mínútu</p> <p>50% nemenda í 10. bekk náð 180 orðum á mínútu</p> <p>25% nemenda í 10. bekk náð 210 orðum á mínútu</p>

<p>beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákni og stílbrögð</p> <p>notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum</p> <p>leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess</p> <p>unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt</p>				
--	--	--	--	--

<p>valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa</p>				
<p><b>Ritun og stafsetning</b></p> <p>skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær</p> <p>beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar</p> <p>tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun</p>	<p>Logar Skriðinnur stafsetningarreglur og –æfingar gömul samræmd próf kvikmyndir, textar og aðrar kveikjur</p>	<p><b>Ritun</b> útdráttur stíllritun rökfærsluritun ljóðagerð bókakynning tímaritun/heimaritun bókmenntaritgerð</p> <p><b>Stafsetning</b> stafsetningarreglur upplestur</p>	<p><b>Leiðsagnarmat</b> endurgjöf á ritunarverkefni kannanir í stafsetningu mat á kynningum</p> <p><b>Lokamat</b> framfarir í ritunarmöppu próf í stafsetningu mat á bókmenntaritgerð</p>	<p>B – nemandi getur beitt <b>skipulegum</b> og <b>góðum</b> vinnubrögðum við ritun, skiptað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar á skýran hátt. Beitt stafsetningu og greinamerkjasetningu af <b>nokkru öryggi</b> og fylgt vel viðmiðum um uppbyggingu texta</p>

<p>beitt reglum um réttitun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda</p> <p>valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi</p> <p>notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um</p> <p>skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann</p>				
<p><b>Málfræði</b></p> <p>beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess</p>	<p>Kennslubók í málvísi og ljóðlist Tungutak setningafræði Íslenska eitt</p>	<p>bein kennsla/töflukennsla verkefnavinna hópavinna</p>	<p><b>Leiðsagnarmat</b> 10 mínútna próf kannanir</p>	<p>B – nemandi getur beitt málfræðihugtökum</p>

<p>valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun</p> <p>flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna</p> <p>áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra</p> <p>Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni</p> <p>gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og</p>	<p>Gullvör 3 Finnur III Málfinnur</p>	<p>gagnvirkar æfingar greining á bókmenntatextum</p>	<p>tímaverkefni samvinnuverkefni endurgjöf á verkefni og verkefnabækur</p> <p><b>Lokamat</b> próf gagnapróf verkefni</p>	<p><b>nokkuð vel</b> í umræðu um notkun málsins og þróun þess, þekkingu sinni af beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér <b>góða</b> grein fyrir hlutverki þeirra</p>
---	---	--	--	--



<p>málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna</p> <p>áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt, áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap</p> <p>gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum</p>				
--	--	--	--	--